

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð nr. 21 1. febrúar 1971,  
fyrir Reykjavíkurbhöfn.

**1. gr.**

2. málsgrein 3. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:  
Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er borgarstjórn kýs, og jafnmörgum til vara.

6. málsgrein sömu greinar orðist þannig:  
Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga borgarstjóri, borgarverkfræðingur og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

7. málsgrein sömu greinar orðist þannig:  
Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 5. júní 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ**

um álagningu gatnagerðargjalds (gangstéttagjalds)  
við Bárðarás á Hellissandi.

**1. gr.**

Húseigendur við götuna Bárðarás á Hellissandi skulu greiða til Neshrepps utan Ennis gatnagerðargjald (gangstéttagjald) kr. 40 000.00 á hvert einbýlishús og kr. 60 000.00 á hvert tvíbýlishús. Skal gjald þetta greitt og falla í gjalddaga sem hér segir:

Fyrsta greiðsla kr. 10 000.00 greiðist er varanlegt slitlag hefur verið lagt á götuna. Eftirstöðvarnar skulu greiðast með þremur jöfnum afborgunum, á næstu þremur árum og skal dagsetning gjalddaga vera sú hin sama og fyrsta greiðsla.

Lokagreiðslu þarf þó ekki að greiða fyrir en gangstétt er fullfrágengin.

**2. gr.**

Gatnagerðargjaldið (gangstéttgjaldið) má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi og er það tryggt með lögveði í hinu skattskylda húsi í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis staðfestist sér með samkvæmt 3. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1974.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## **REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 82 8. mars 1973 fyrir vatnsveitu Neshrepps utan Ennis.**

**1. gr.**

d-liður 10. gr. orðist svo:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. fiskvinnslustöðvar o. fl., getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal greiða þá kr. 4.00 fyrir smálest. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotndi viðhald mælisins, skal vatnsgjald reiknað þann tíma, sem mælirinn er í ófullkomnu lagi, eftir þeirri vatnseyðslu, sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan miðað við einn ársfjórðung.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1974.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*